

Náttúrustofa Vesturlands
Hafnargötu 3
340Stykkishólmur

Reykjavík, 24. júní 2021
UST202106-166/G.G.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til ljósmyndatöku sem hluta af vöktun bjargfugla- Saxhólsbjarg og Þúfubjarg

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Náttúrustofu Vesturlands, dagsett 11. júní 2021 um ljósmyndatöku innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. reglugerð nr. 568/2001. Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimil í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 17. gr. reglugerðarinnar. Mannvirkjagerð, efnistaka og hverskonar annað jarðrask er óheimilt nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 18. gr. reglugerðarinnar. Rannsóknir á náttúrufari og menningarminjum í þjóðgarðinum eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 20. gr. reglugerðarinnar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að mynda bjargfugla á tveimur stöðum innan þjóðgarðsins, við Saxhólsbjarg og Þúfubjarg. Myndatakan er hluti af vöktun bjargfugla á landsvísu. Áætlað er að heimsækja björgin tvisvar að sumrinu, í kringum 25. júní til að meta fjölda hreiðra og í kringum 25. júlí til að meta varpárangur. Um árlegar rannsóknir er að ræða þar sem mat er lagt á breytingar á milli ára. Þar sem um árlega samanburðarrannsókn er að ræða er óskað eftir árlegu leyfi til lengri tíma, eða meðan rannsóknin heldur áfram.

Tveir starfsmenn koma að verkefninu og ekki er gert ráð fyrir raski. Mögulega verður tímabundin truflun fyrir bjargfugla en myndatakan er fljótleg og gerð úr fjarlægð.

Dróni (DJI Mavic 2) verður notaður til myndatöku þar sem bjargbrún er óstöðug. Dróni yrði settur á loft og lent fjarri bjarginu. Notuð hafa verið skilgreind snið í umræddum björgum en hrinhætta er sums staðar á brúnum. Rannsóknarnamenn eru því í hættu og því er dróni notaður.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að verkefnið hafi lítil áhrif á verndargildi svæðisins, en jákvæð áhrif vegna aukinnar þekkingar á fjölda fugla í bjargi og varpárangri. Framkvæmdin er þekkt og gerð víða við sömu aðstæður og það er rannsóknarhagsmunum í vil að valda ekki ónæði eða truflun á bjargfuglum (rannsóknarefniinu). Ekki er talið að rask verði af rannsókninni og óveruleg truflun fyrir gesti svæðisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Náttúrustofu Vesturlands fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsóknum og myndatöku innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sbr. lýsingu hér að ofan í lok júní og lok júlí á árunum 2021-2031 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum. Rannsóknin er unnin í samstarfi við Þjóðgarðinn Snæfellsjökul og óskar Umhverfisstofnun eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindra rannsókna án endurgjalds.

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda sem minnstu riski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugíð hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017.

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Jón Björnsson
þjóðgarðsvörður

Guðbjörg Gunnarsdóttir
sérfræðingur